

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 10/2009

frá 5. febrúar 2009

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 208 frá 11. mars 2008 um ákvörðun sameiginlegs ramma um gagnaöflun vegna uppgjörs lífeyriskrafna ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 3.82 (ákvörðun nr. 207) í VI. viðauka við samninginn:

„3.83. **32008 D 0683**: Ákvörðun framkvæmdaráðs Evrópubandalaganna um félagslegt öryggi farandlaunþega nr. 208 frá 11. mars 2008 um ákvörðun sameiginlegs ramma um gagnaöflun vegna uppgjörs lífeyriskrafna (Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. 208, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 102, og EES-viðbætir við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 10.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 223, 21.8.2008, bls. 25.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.